

afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfiráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu svæðisskipulags sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Akraneskaupstaður 10%, Hvalfjarðarstrandarhreppur 10%, Innri-Akraneshreppur 10%, Leirár- og Melahreppur 10% og Skilmannahreppur 10% .

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 31. desember árið 2006. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfiráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfiráðuneytinu, 17. febrúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2005.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005 fyrir árið 2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr.	10.000 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokað er ekki	kr.	5.000
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr.	3.500
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr.	10.000

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 5. febrúar 2005.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2005.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Öxarfjarðarhreppi er samþykkt í sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps með vísan til samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

	kr.
Heimili á Kópaskeri	13.500 fyrir heimili
Heimili utan þorpsins	11.000 fyrir heimili
Sveitabær með rekstur	15.000
Sumarhús	6.500

5 flokkar sorphirðugjalda fyrir atvinnuhúsnæði:

	kr.
1.	15.000
2.	35.000
3.	70.000
4.	150.000
5.	300.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í sveitarfélaginu í þessa flokka eftir umsvifum hvers og eins.

Gjalddagar eru sömu og vegna fasteignagjalda.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps 9. febrúar 2005, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt sveitarfélaga nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og öðlast þegar gildi.

Kópaskeri, 23. febrúar 2005.

Elvar Árni Lund sveitarstjóri.